

Ýmis æfingaverkefni



Helga Hauksdóttir
Fræðslusviði Akureyrarbæjar
2017

Raðaðu orðunum í stafrófsröð:

Körfubolti – fótbolti – handbolti – fimleikar – blak – karate – sund – skíði

Raðaðu orðunum í réttar setningar:

upp hjálpar að Jósep mömmu vaska

hratt of keyrir Ahmed allt

að árshátíð krakkarnir æfa eru fyrir

Breyttu setningunni í þátíð:

Ég vakna snemma, fæ mér morgunmat og hleyp í skólann.

Ég fer í búðina og kaupi mjólk og brauð.

Búðu til setningar með orðunum:

vetur

þjálfari

Hvernig er veðrið í dag?

Í hvaða tíma ert þú að fara næst?

Skrifaðu þrjú nafnorð í karlkyni

Skrifaðu þrjú lýsingarorð í karlkyni

Gestir frá Spáni

Það er kominn mars og vorið er að nálgast. En veturinn neitar að hverfa á brott og það snjóar og snjóar. Krakkarnir í 8. bekk í Tjarnaskóla sitja í stærðfræðitíma.

Sumir keppast við að reikna en Þröstur og Hjörtur sitja og horfa út um gluggann. Þeim finnst stærðfræði erfið og nenna ekki að reikna.

- Jæja strákar, segir Birta stærðfræðikennari. Hvað eruð þið að hugsa um núna, líklega ekki algebru?

- Nei, segir Þröstur, þetta er alveg hræðilega leiðinlegt. Getum við ekki gert eitthvað annað?

- Nei góði minn, segir Birta og brosir. En ég er með nýjar fréttir sem ég ætla að segja ykkur í lok tímans. Drífið ykkur nú og reynið við nokkur dæmi fyrst.

Krakkarnir hafa heyrt hvað Birta sagði og nú verða allir mjög spenntir. Hvaða fréttir hefur hún að segja?

- Jæja, jæja, segir Birta. – Nú skulum við hætta að reikna og ég ætla að segja ykkur fréttir. Í næstu viku koma gestir til okkar frá Spáni.

- Frá Spáni?, sagði Þröstur hissa. – Hvað ætla þeir að gera hérna?


- Þetta eru 15 ára krakkar í skóla sem er í Barcelona. Þau eru að koma hingað til að fara á skíði og skauta. Okkur langar til að biðja ykkur um að taka vel á móti þeim og fara með þeim upp í Hlíðarfjall á skíði.

- Húrra! Hrópuðu krakkarnir. Þetta verður skemmtilegt. En hvar er Barcelona á Spáni – geturðu sýnt okkur það, Birta?

Að keppast við =

Að drífa sig =

Já, hér er kort af Spáni, sagði Birta. Nú skuluð þið fara inn á netið eða finna ykkur kortabók og leita að korti af Spáni. Svo skuluð þið merkja inn borgirnar **Barcelona** og **Madrid**, sem er höfuðborgin.



Krakkarnir flýttu sér að leita að borgunum og merktu þær inn á kortið.

- Hvað heitir landið sem er vestan við Spán, - þetta gráa? Spurði Hildur.
- Ég veit það, sagði Pétur. Það heitir _____
- En vitið þið hvaða litir eru í spænska fánanum? Spyr Birta.
- Já, ég sá það á netinu, þegar ég leitaði að „flag of Spain“ sagði Kári. Fáninn er _____ og _____.
- Það er rétt, sagði Birta. Hvaða litur er í miðjunni?
- Það er _____ og hann er líka helmingi

_____ en _____ liturinn.

(mjórri – breiðari)

Litaðu spænska fánann hér:



Vá, hvað ég hlakka til að fá þessa krakka í heimsókn, sagi Kári. Ég hef komið til Spánar og það var mjög fallett þar – og sólin skein allan tímann.

- Já, sagði Hildur. En kannski finnst þessum krökkum bara gaman að koma hingað og sjá snjóinn og finna kuldann í kinnunum.

Næstu vikur voru fljótar að líða og nú voru spænsku krakkarnir að koma á morgun.

Krakkarnir í 8. bekk voru búnir að undirbúa sig vel og gátu nú sagt „velkomin í skólann“ og „góðan daginn“ á spænsku.

Buenos días = _____

Bienvenido a la escuela = _____

Svo var það á föstudagsmorgni í glampandi sól að spænsku krakkarnir börðu að dyrum í skólanum. Kennarinn bauð alla velkomna og síðan var hægt að fá djús og kex.

Það var ekki svo erfitt að tala saman. Bæði íslensku krakkarnir og spænsku krakkarnir kunnu nóg í ensku til að geta spjallað saman. Þau teiknuðu líka myndir eða leituðu á netinu ef þau skildu ekki hvert annað.

Næsta dag hittust allir uppi í fjalli. Spænsku krakkarnir höfðu aldrei farið á skíði áður. Sumir vildu fara á bretti og nokkrir vildu fara á gönguskíði. Það var gaman að renna sér niður brekkurnar í sólskininu.

Það voru allir orðnir þreyttir þegar rútan kom og sótti krakkana.

- Þetta er dagur sem ég gleymi aldrei, sagði Kári við þabba sinn áður en hann sofnaði um kvöldið.



Hvað heitir skólinn sem krakkarnir eru í?

Í hvaða tíma voru krakkarnir?

Hvað heitir kennarinn?

Hvað heita strákarinnir sem nenna ekki að reikna?

Frá hvaða landi koma gestirnir?

Hvað ætla krakkarnir að gera á Íslandi?

Til hvaða landa hefur þú komið?



Hvert langar þig til að ferðast?

Andheiti:

Aldrei _____ **oft** _____


norður _____ **gaman** _____

sofna _____ **fara** _____



Áhugamálin mín

Krossgáta um dýraheiti



Down

1.



5.



10.



2.



7.



4.



8.



Across

3.



9.



6.



7.



Skrifaðu setningu við myndirnar.

Orð sem þú getur notað:

Bretti – gaman – gönguskíði – niður – skíðastökk – hjálmur – hræddur – hratt –
góður -










Tilfinningar

Skrifaðu rétt orð við myndirnar

Glaður – þreyttur – áhyggjufullur – reiður – hræddur – dapur – svangur -
vingjarnlegur - syfjaður





















Orð um tilfinningar eftir kynjum

Hann er ... Hún er ... Það er ...

glaður

Hann er _____

Hún er _____

Það er _____

dapur

Hann er _____

Hún er _____

Það er _____

þreyttur

Hann er _____

Hún er _____

Það er _____

syfjaður

Hann er _____

Hún er _____

Það er _____

svangur

Hann er _____

Hún er _____

Það er _____

reiður

Hann er _____

Hún er _____

Það er _____

Spurningar hv... -orð

Hver – hvor – hvar – hvað - hvaða – hvaðan – hvenær - hvert

Hvaða orðmyndir passa best inn í spurningarnar?

_____ heitir þú?

_____ ert þú að fara?

_____ er skólinn búinn í dag?

_____ ert þú að koma?

_____ var að hringja dyrabjöllunni?

_____ systranna er stærri, Birta eða Björk?

_____ matur finnst þér bestur?

_____ er fótboltamótið haldið?

Búðu til eina spurningu sem byrjar á Hv:

Árstíðir og tími
Á eftir / á undan



Á eftir vori kemur _____.

Á eftir vetri kemur _____.

Á undan vetri er _____.

Á eftir hausti kemur _____.

Raðaðu mánuðunum í stafrófsröð:

Febrúar – apríl – júní – ágúst – október – nóvember – janúar – desember –
mars – júlí – september – maí

Raðaðu mánuðunum núna í rétta röð eins og þeir eru á árinu:

Hvaða dagur er í dag? _____

Hvaða dagur var í gær? _____

Hvaða dagur er á morgun? _____

Hvaða dagur var í fyrradag? _____

Hvaða dagur er ekki á morgun, heldur hinn? _____

Sólarhringurinn

Tengdu orðin inn á línuna yfir **sólarhringinn**:

morgunn – hádegi – kvöld – miðnætti – nótt – kaffitími



60 mínútur = _____

24 klukkutímar = _____

7 dagar = _____

30/31 dagur = _____

12 mánuðir = _____

10 ár = _____

100 ár = _____

Spurningar úr ýmsum áttum

Getur þú sagt mér hvað klukkan er? _____

Hvaða land er norðan við Spán? _____

Klukkan hvað byrja fréttir í íslensku sjónvarpi? _____

Hvaða símanúmer er neyðarnúmer lögreglu, slökkviliðs og sjúkrabíls á Íslandi?


Í hvaða skóla geta litlir krakkar farið, áður en þeir byrja í grunnskóla?

Í hvaða skóla fara krakkar eftir grunnskóla?


Í hvaða mánuði er sumardagurinn fyrsti á Íslandi? _____

Hvað ætlar þú að gera þegar skólinn er búinn í dag?

**Myndir úr ýmsum áttum
Hvað fyrirbæri eru þetta?**




















Krossgáta Í eldhúsinu


Down


1. 


2. 


3. 


Across


4. 


5. 


7. 

6. 

8. 

11. 

12. 

9. 

10. 